

## REGLUR

### um samningu og miðlun lykilupplýsingaskjala fyrir almenna fjárfesta.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um framleiðendur pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta og aðila sem veita ráðgjöf um eða selja slíkar afurðir, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 55/2021, um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinnna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta. Jafnframt gilda reglurnar um þá aðila sem bjóða upp á viðbótartryggingavernd skv. II. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. 3.–5. mgr. 8. gr. þeirra laga.

#### 2. gr.

##### *Samning og miðlun lykilupplýsingaskjala fyrir almenna fjárfesta.*

Mælt er fyrir um samræmdar reglur um form og efni lykilupplýsingaskjala fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta í reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 (PRIIP), með síðari breytingum, sbr. lög nr. 55/2021. Reglur þessar eru settar til að innleiða reglugerðir (ESB) sem mæla fyrir um tæknilega eftirlitsstaðla m.a. að því er varðar framsetningu, inntak, yfirferð og endurskoðun slíkra lykilupplýsingaskjala og skilyrðin fyrir því að uppfylla kröfur um að láta slík skjöl í té. Aðilar sem falla undir gildissvið reglnanna skulu við samningu og miðlun slíkra lykilupplýsingaskjala fylgja ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/653 frá 8. mars 2017, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi:

- a. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/653 frá 8. mars 2017, um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) með því að mæla fyrir um tæknilega eftirlitsstaðla að því er varðar framsetningu, inntak, yfirferð og endurskoðun lykilupplýsingaskjala og skilyrðin fyrir því að uppfylla kröfur um að láta slík skjöl í té, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2020 frá 30. apríl 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 31. mars 2021, bls. 41-92.
- b. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1866 frá 3. júlí 2019, um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2017/653 til að laga umbreytingarfyrirkomulag framleiðenda pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta (PRIIP), sem bjóða hlutdeildarskírteini í sjóðum eins og um getur í 32. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014, sem undirliggjandi fjárfestingarmöguleika, að framlengdu undanþágutímabilinu sem um getur í þeirri grein, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun Sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2020 frá 30. apríl 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 31. mars 2021, bls. 93-94.
- c. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2268 frá 6. september 2021, um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/653 að því er varðar undirstöður aðferðafræði og framsetningu á árangurssviðsmyndum, framsetningu á kostnaði og aðferðafræði fyrir útreikning á samanteknum kostnaðarvísium, framsetningu og inntak upplýsinga um fyrri árangur og framsetning á kostnaði pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) sem bjóða marga valkosti til fjárfestingar og aðlögun á umbreytingarfyrirkomulagi fyrir framleiðendur pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta sem bjóða hlutdeildarskírteini í sjóðum eins og um

getur í 32. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014, sem undirliggjandi fjárfestingarmöguleika, að framlengdu umbreytingarfyrirkomulaginu sem mælt er fyrir um í þeirri grein, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2022 frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 30. mars 2023, bls. 548-602.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 55/2021, um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta, öðlast þegar gildi. Með gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 145/2022, um samningu og miðlun lykilupplýsingaskjals fyrir almenna fjárfesta.

*Seðlabanka Íslands, 26. maí 2023.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Rannveig Júníusdóttir**  
framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 30. maí 2023

Leiðrétt skjal: 12. júlí 2023